

Heimar hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Í viku 36 keyptu Heimar hf. („Heimar“) 740.000 eigin hluti að kaupverði 27.076.000 kr. í samræmi við eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð (gengi)	Kaupverð (kr.)
03.09.2025	09:43	350.000	36,8	12.880.000
05.09.2025	11:10	390.000	36,4	14.196.000
Samtals		740.000		27.076.000

Viðskiptin eru í samræmi við endurkaupaáætlun Heima sem tilkynnt var um þann 9. júlí 2025. Endurkaup munu samkvæmt áætluninni nema að hámarki 500.000.000 kr. að kaupverði og mun áætlunin vera í gildi þar til því hámarki er náð, þó aldrei lengur en fram að aðalfundi félagsins 2026.

Heimar áttu 22.245.000 hluti fyrir ofangreind viðskipti og á því að þeim loknum 22.985.000 hluti, eða um 1,14% af útgefnum hlutum í félaginu, og nemur heildarkaupverð þeirra 836.110.000 kr.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar er í samræmi við lög um hlutafélög, nr. 2/1995, 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016 /1052/EB, sem hefur að geyma tæknilega skilmála varðandi endurkaupaáætlanir.

Nánari upplýsingar veitir Björn Eyþór Benediktsson – Framkvæmdastjóri fjármála – eythorb@heimar.is

Viðhengi

[Heimar hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)